

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 63/2019****2020/EES/44/18****frá 29. mars 2019****um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1076 frá 30. júlí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið ísóflúran með tilliti til hámarksgildis leifa <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 1076**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1076 frá 30. júlí 2018 (Stjtið. ESB L 194, 31.7.2018, bls. 41).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1076, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 194, 31.7.2018, bls. 41.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.